Ed. **486. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um Gagnfræðaskóla Reykjavíkur.

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Við 6. gr. Fyrir orðin »ráðstafa árlega« og til loka greinarinnar komi: annast fjárstjórn skólans.
2. 7. gr. frumv. orðist þannig:

Heimilt er ríkisstjórninni að leggja fram 2/5 hluta byggingarkostnaðar skólans, gegn 3/5 hlutum annarsstaðar frá, og gegn því, að Reykjavíkurkaupstaður leggi til lóð undir skólann, sem ríkisstjórnin tekur gilda.

Kostnað við skólahaldið, annan en þann, sem getur í 4. gr., greiðir ríkissjóður að 2/5 hlutum, en að öðru leyti skal greiða kostnaðinn af kenslugjöldum nemenda, og það, er til vantar, úr bæjarsjóði Reykjavíkur.